

# Skólahald á Kjalarnesi

Tillögur starfshóps



September  
2010

© Leikskólasvið og Menntasvið Reykjavíkurborgar, sept. 2010.



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið



Reykjavíkurborg  
Menntasvið

# **Tillögur starfshóps um skólalald á Kjalarnesi**

## **1. Sameining leikskólans Bakka og Bergs**

Nýráðnum leikskólastjóra við leikskólana Bakka og Berg verði falið að vinna áfram að sameiningu leikskólans Bakka í Grafarvogi og Bergs á Kjalarnesi. Leikskólinn Bakki hefur verið í fararbroddi varðandi útikennslu og umhverfismennt. Skólinn er Grænfánaskóli og hefur jafnframt tekið þátt í samstarfsverkefnum sem nýta rafræna miðla til að stuðla að samskiptum og miðla upplýsingum milli barna og starfsmanna. Hægt verður að nýta reynslu af þeim verkefnum við að byggja upp útikennslu og umhverfismennt í leikskólanum Bergi ásamt því að nýta upplýsinga- og samskiptatæknina til að auka upplýsingastreymi og samskipti milli barna, starfsmanna og foreldra.

## **2. Aukinn samrekstur, samstarf og samvinna leik- og grunnskóla á Kjalarnesi**

Hópurinn leggur til að skólastjórnendum leikskólans Bakka/Bergs og Klébergsskóla verði falið að vinna að auknum samrekstri, samstarfi og samvinnu milli þessara stofnana alls staðar þar sem því verður við komið. Í umræðum á fundum hópsins kom víða fram að tækifæri og möguleikar sem fælust í auknum samrekstri, samstarfi og samvinnu leik- og grunnskóla á Kjalarnesi væru margvísleg. Fram kom að aukinn samrekstur væri fjárhagslega hagkvæmur, hefði í för með sér betri nýtingu á húsnæði og mannaúði á staðnum og gæti aukið faglegt starf á báðum skólastigum. Aukin samvinna starfsfólks, foreldra og barna gæti skapað samfellu í skólastarfinu og stuðlað að heildarsýn á barnið frá 1 - 16 ára aldurs. Tækifæri væru þá til aukinnar fjölbreytni og meiri sveigjanleika í námi og starfi, samnýtingar á húsnæði og mannafla, meira samspili náms og frístundar ásamt því að skapa heildstætt skólasamfélag með heildstæða skólastefnu og áherslur í skólastarfi. Einnig væru möguleikar á að byggja upp nýtt stjórnendateymi á staðnum sem hefði með sér mikið samstarf og samráð um skólastarfið. Ákveðin ögrun fælist í því fyrir starfsfólk á báðum skólastigum að takast á við breytingar og nýjungar í skólastarfinu.

## **3. Þróunarverkefni um aukinn samrekstur, samvinnu og samfellu í starfi leikskóla, grunnskóla og frístundar á Kjalarnesi**

Hópurinn leggur einnig til að komið verði á laggirnar þróunarverkefni til tveggja eða þriggja ára sem hefði það að markmiði að auka samrekstur, samvinnu og samfellu í starfi leik- og grunnskóla á Kjalarnesi ásamt starfsemi ÍTR. Markmiðið væri jafnframt að efla faglegt innra starf og samstarf við foreldra á báðum skólastigum ásamt því að stuðla að jákvæðu viðhorfi þeirra til skólastarfsins. Stýrihópur með fulltrúum frá Leikskólasviði og Menntasviði haldi utan um þróunarverkefnið og veiti því stuðning. ÍTR, Leikskólasvið og Menntasvið leggi verkefninu til mannafla til að styðja við uppbyggingu og þróun skólastarfsins. Tekið verði mið af þeim styrkleikum og tækifærum sem fram komu í SVÓT- greiningu starfshópsins. Einnig má líta til reynslu af þróunarverkefnum þar sem leik- og grunnskólar hafa mótað sér sameiginlega námskrá fyrir elstu börnin á leikskólanum og yngstu börnin í grunnskólanum. Sótt verði um styrki til verkefnisins í þá sjóði sem hægt er að sækja í fyrir starfsmenn á báðum skólastigum, s.s. starfsmenntunarsjóði, Sprotasjóð, o.fl. Framgangur verkefnisins verði metinn árlega.

#### **4. Samstarf við foreldra**

Starfshópurinn var jafnframt sammála um að leggja þarf áherslu á að finna leiðir til að auka samstarf við foreldra á Kjalarnesi og efla jákvætt viðhorf þeirra til skólstarfsins á báðum skólastigum. Á fundum hópsins kom þetta sjónarmið oft til tals og niðurstöður íbúðingsins sem haldið var 15. maí styrktu þetta sjónarmið. Í SVÓT-greiningunni kom einnig skýrt fram ótti foreldra við breytingar og ákveðin óeining í þeirra hópi. Mikilvægt er að eyða óvissu foreldra varðandi væntanlegar breytingar á stjórnun eða starfi skólanna sem fyrst, upplýsa þá vel um þær ákvarðanir sem teknar eru og hvaða áhrif þær hafa á skólstarfið. Í auknu samstarfi milli skólastiganna eru jafnframt tækifæri til aukins samstarfs milli foreldrafélaga á báðum skólastigum og jafnvel sameina foreldrafélögin í eitt félag.

Nánari umfjöllun um niðurstöður og tillögur starfshópsins er að finna á bls. 6 - 9 í skýrslunni.

## Efnisyfirlit

Tillögur starfshóps um skólahald á Kjalarnesi .....	1
Starfshópur .....	6
Starfshópur - tilurð.....	6
Starfshópur - hlutverk.....	6
Samantekt á vinnu starfshópsins .....	6
Niðurstöður starfshópsins, tillögur og rökstuðningur .....	9
Fylgiskjöl.....	12
Fylgiskjal 1 - Erindisbréf starfshópsins .....	13
Fylgiskjal 2 - Vinnuáætlun starfshópsins .....	15
Fylgiskjal 3 - Íbúæping í Fólkvangi 15. maí 2010; sameining þjónustustofnana og þjónusta borgarinnar við Kjalarnesið .....	16
Fylgiskjal 4 Tillögur skólastjórnenda um samstarf leikskólans Bergs og Klébergsskóla ....	17

## Starfshópur

### Starfshópur - tilurð

Leikskólaráð Reykjavíkur samþykkti á 70. fundi sínum sem haldinn var 16. desember 2009 að skipa starfshóp um hugsanlegan samrekstur leik- og grunnskóla á Kjalarnesi. Á 113. fundi menntaráðs Reykjavíkur sem haldinn var 13. janúar 2010 samþykkti ráðið að stofna starfshóp í samráði við sviðsstjóra Leikskólasviðs um hugsanlegan samrekstur leik- og grunnskóla á Kjalarnesi. Ákveðið var að starfshópin skipuðu starfsmenn frá Leikskólasviði og Menntasviði ásamt stjórnendum og fulltrúum foreldra á báðum skólastigum. Meginverkefni hópsins væri að móta tillögur um samrekstur, samvinnu og samstarf leikskóla og grunnskóla á Kjalarnesi. Mælt var með því að starfsfólk, foreldrar, börn og ungmenni á báðum skólastigum tæki virkan þátt í verkefninu. Hópin skipuðu:

Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu, formaður  
Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu  
Valgerður Janusdóttir, starfsmannastjóri Menntasviðs  
Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri Leikskólasviðs  
Kolbrún Vigfúsdóttir, þróunarfulltrúi á Leikskólasviði  
Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri tómstundasviðs hjá ÍTR  
Björgvin Þór Þórhallsson, skólastjóri Klébergsskóla og Tónlistarskólans á Klébergi  
Elín Þóra Böðvarsdóttir, leikskólastjóri Bergi  
Dagmar Þorsteinsdóttir, fulltrúi foreldra í Klébergsskóla  
Dröfn Birgisdóttir, fulltrúi foreldra í Klébergsskóla (sagði sig úr hópnum eftir 1. fund)  
Guðleifur Svanbergsson, fulltrúi foreldra á leikskólanum Bergi  
Soffía Sóley Þráinsdóttir, fulltrúi foreldra á leikskólanum Bergi  
Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs, starfsmaður hópsins.

### Starfshópur - hlutverk

Eins og fram kemur í erindisbréfi starfshópsins var meginverkefni hans að móta tillögur um samrekstur, samvinnu og samstarf leikskóla og grunnskóla á Kjalarnesi (sjá fylgiskjal 1).

### Samantekt á vinnu starfshópsins

Starfshópurinn fundaði samtals sjö sinnum á tímabilinu 23. mars 2010 til 26. ágúst 2010. Fundirnir voru ýmist haldnir að Fríkirkjuvegi 1 eða á Kjalarnesi. Á fyrsta fundi hópsins voru lögð fram drög að vinnuáætlun fyrir hópinn (sjá fylgiskjal 2) þar sem fram kom hvernig hópurinn hugðist leysa það verkefni sem fyrir hann var lagt. Samþykkt var að byrja á að skoða aðstæður skólanna á Kjalarnesi; leikskólann Berg, Klébergsskóla og aðstöðu ÍTR á staðnum, til að allir í hópnum hefðu sömu mynd af því umhverfi sem leik- og grunnskólinn starfa við. Einnig sagði Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri tómstundasviðs hjá ÍTR frá samrunaferli ÍTR og grunnskóla á Kjalarnesi og hvaða lærdóm mætti draga af þeirri reynslu.

Starfshópurinn fór í vettvangsferð á Kjalarnesið 14. apríl. Tóku skólastjórnendur á móti hópnum og sýndi hvor um sig sinn skóla og sagði frá því helsta í starfinu á hvoru skólastigi.

Á þriðja fundi hópsins var rætt um samráð við foreldra og börn. Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfræði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs, kom á fund hópsins og sagði frá

helstu könnunum á viðhorfum starfsmanna, foreldra og nemenda til skólustarfsins og kynnti niðurstöður úr þeim könnunum.

Á þriðja fundi var einnig unnið í tveimur hópum að SVÓT-greiningu á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum sem felast í auknum samrekstri, samvinnu og samstarfi milli leik- og grunnskóla á Kjalarnesi. Niðurstöður voru meðfylgjandi:

	<b>Hópur A</b>	<b>Hópur B</b>
<b>Styrkleikar</b>	Fjárhagslega hagkvæmt Samnýting starfsfólks, þekking, færni Samvinna fagfólks og um skipulag Sterkari faglega Stærri stofnun Betri nýting á húsnæði Samfella - eitt samfélag Einn stjórnandi - teymi	Lítið samfélag og afmarkað - samstarf ætti að vera auðvelt. Betri nýting á mannauði og húsnæði Fjármagn nýtist betur Meiri og betri þjónusta fyrir sama fjármagn Heildarsýn á barnið 1 - 16 ára Nálægð foreldra við stjórnendur
<b>Veikleikar</b>	Einn stjórnandi - teymi Starfsfólk missi vinnu Ein stofnun - mörg hús Ólíkar stofnanir - ólíkar hefðir Faglegur leiðtogi þarf að dreifa kröftum víða. Breytt ábyrgðarsvið Gæði smárrar einingar getur glatast.	Tímaskortur við undirbúning á samstarfi/samruna/samrekstri Mismunandi kjarasamningar ólíkra starfsstétta og vinnutímarammi Fjórar vinnustöðvar - fjarlægð á milli Í vondu veðri er erfitt að fara á milli húsa.
<b>Ógnanir</b>	Óeining í starfsmannahópi/ foreldrahópi. Kjarasamningur/vinnutími/skólaár Ótti við breytingar Færra starfsfólk Rótar samfélaginu - áhrif á nemendur	Yfirstjórn þrjú svið Hræðsla við breytingar - starfsmenn og foreldrar Annað skólastig "yfirtaki" hitt Ólögbundin starfsemi (ÍTR) verði undir lögbundinni Yfirsýn og miðlun upplýsingar á mörgum starfsstöðum Sparað fjármagn glatist
<b>Tækifæri</b>	Sveigjanleiki í vinnutíma, nám - fjölbreytni í vinnu. Tækifæri fyrir elsta hóp leikskólans Sparnaður Samnýting á húsnæði Nýtt stjórnendamódel Tækifæri fyrir fjölbreytni hjá öllum aldurshópum. Samspil náms og frístundar Skapa heildstætt skólasamfélag Kraftur í samráðsferlinu við foreldra.	Hagkvæmari innkaup og rekstur Samnýta áhöld og tæki Betri nýting á fjármagni og stjórnun Auðveldara að fara milli skólastiga Samruni kallar á nýjungar í starfi Samnýta aðstöðu, t.d. list- og verkgreinastofu, mötuneyti,... Sameiginleg stefna/hugmyndafræði, t.d. Grænfáni Eitt foreldrafélag Viðurkenna landfræðilega sérstöðu hverfisins og fjarlægð frá Reykjavík

Hildur Jóhannesdóttir, nýráðinn skólastjóri við Dalskóla í Úlfarsárdal, mætti á fjórða fund hópsins og kynnti skýrslu starfshóps og framtíðarsýn um nýjan skóla í dalnum. Í tengslum við kynningu Hildar var rætt um möguleika á samnýtingu á aðstöðu til list- og verkgreinakennslu í skólunum á Kjalarnesi, samnýtingu á sendingum, t.d. á matvælum, samnýtingu á kennurum og öðru starfsfólki o.fl. Einnig var rætt um dagsskipulagið og möguleika á að lengja skóladag grunnskólabarnanna með því að blanda leik og frístundastarfi meira inn í skóladaginn. Fram

kom að í byrjun þyrfti að gera áætlun um samfellu í innra starfi skólastiganna, t.d. í útikennslu, umhverfismennt og list- og verkgreinum.

Á fimmta fundi hópsins kynnti Björgvin Þór, skólastjóri Klébergsskóla, niðurstöður hóps sem fjallaði um sameiningu þjónustustofnana og þjónustu borgarinnar við Kjalarnesið á íbúáþingi sem haldið var laugardaginn 15. maí 2010 (sjá fylgiskjal 3). Þar kom fram ákveðinn ótti við afleiðingar þess að sameina stjórnun á leikskólanum Bergi og Klébergsskóla þar sem þáverandi leikskólastjóri var eini menntaði leikskólakennarinn við leikskólann. Ef hann hætti yrði enginn menntaður leikskólakennari við skólann að öllu óbreyttu. Í tengslum við þessar niðurstöður var rætt um möguleika á því að gera með einhverjum hætti aðlaðandi fyrir leikskólakennara að starfa við leikskólann. Tekið var undir niðurstöðu hópsins um að koma á laggirnar e.k. tilraunaverkefni um samvinnu, samstarf og samrekstur leikskóla, grunnskóla, frístundaheimilis og íþróttahúss/sundlaugar sem í fælist e.k. ögrun fyrir fagfólk að taka þátt í. Einnig var rætt um mikilvægi þess að byggja upp samstarf við foreldra og auka upplýsingastreymi milli skólanna og foreldra ásamt því að styrkja jákvætt viðhorf foreldra til skólanna.

Á sama fundi var rætt nánar um SVÓT-greininguna sem gerð var á þriðja fundi hópsins 4. maí og farið yfir styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í stöðunni. Þar kom m.a. fram að báðir hópar töldu að aukin samvinna eða samrekstur gæti haft í för með sér að fjármagn til skólanna, mannauður og húsnæði nýttust betur. Aukin samvinna starfsfólks og sameining gæti gert skólastarfið faglegra, aukið samfellu í skólastarfinu og skapað heildarsýn á barnið frá 1 - 16 ára aldurs. Helstu veikleikar væru að gæði smárrar einingar gæti tapast, vinnustöðvar yrðu margar og erfitt fyrir einn stjórnanda að hafa yfirsýn. Einnig var varað við tímaskorti við að undirbúa verkefnið. Helstu ógnanir voru taldar ótti við breytingar, óeining í starfsmannahópi, færra starfsfólk, yfirstjórn hjá þremur sviðum borgarinnar, óttinn við að eitt svið yfirtaki hitt og að ólögbundin starfsemi (ÍTR) verði undir þeirri lögbundnu. Tækifærin í stöðunni eru sveigjanleiki í vinnutíma og fjölbreytni í verkefnum hjá bæði starfsfólki og nemendum, samnýting á húsnæði, möguleikar fyrir elsta hóp leikskólans, nýtt stjórnendalíkan, samspil náms og frístundar, að skapa heildstætt skólasamfélag og nýta náttúruna og umhverfið meira.

Sjötti fundurinn fór að mestu í að móta nánar niðurstöður og tillögur hópsins. Hópurinn var sammála um að leggja ekki til sameiningu leik- og grunnskólans undir eina stjórn heldur stefna frekar að aukinni samvinnu milli skólastiganna, betri nýtingu á aðstöðu og mannafla. Rætt var um að til að styrkja faglegt starf á leikskólanum Bergi væri nauðsynlegt að skólanum væri stjórnað af menntuðum leikskólakennara og að reyna að fá fleiri leikskólakennara til starfa við skólann. Mikilvægt var talið að draga fram sérstöðu svæðisins og vinna út frá því. Einnig var rætt um leiðir til að auka samstarf við foreldra og efla jákvætt viðhorf þeirra til skólastarfsins. Hópurinn þarf að leggja til leiðir sem auka traust og trúnað starfsfólks og foreldra á skólastarfinu. Eyða þarf sem fyrst óvissu foreldra og starfsmanna varðandi breytingar. Nánar var rætt um möguleika á þróunarverkefni sem hefði það að markmiði að auka samrekstur, samvinnu og samstarf leik- og grunnskóla á staðnum. Stýrihópur með fulltrúum frá báðum sviðum haldi utan um þróunarverkefnið og veitti því stuðning. Öll sviðin leggi til stuðning og mannafla til að styðja við uppbyggingu og þróun skólastarfsins með ráðgjöf og sérfræðiþjónustu. Jafnframt var ákveðið að skólastjórnendur hittist fyrir síðasta fund hópsins til að móta tillögur að fyrstu skrefum í átt til aukins samreksturs og samvinnu milli starfsfólks, foreldra og nemenda á báðum skólastigum.

Skólastjórnendur skiluðu tillögum að samstarfi og samrekstri 15. júní. Þeir skiptu tillögum sínum í þrjá meginflokka (sjá fylgiskjal 4):

1. Sameiginleg verkefni, s.s. Grænfána, útikennsluverkefnið "Fjörulallar - það erum við!", útikennsla í nýrri útikennslustofu - og víðar.
2. Fagleg samvinna (almennt) - um endurskoðun á núverandi samstarfi skólanna, meiri samgang nemenda og samstarf starfsmanna.
3. Samrekstur og samnýting aðstöðu - þar sem m.a. er tekið til mótuneytismála og samnýtingar á aðstöðu.

Eftir að sjötti fundur starfshópsins var haldinn breyttust aðstæður varðandi stjórnun leikskólans Bergs og þar með að hluta þær forsendur sem starfshópurinn hafði unnið út frá. Leikskólastjórinn sem ráðinn var tímabundið til að stjórna skólanum til 1. ágúst 2010 ákvað að hverfa aftur til fyrra starfs af persónulegum ástæðum. Leitað var til leikskólastjórans á leikskólanum Bakka í Grafarvoginum um að taka að sér að stjórna báðum leikskólunum, stuðla að sameiningu þeirra og byggja þar áfram upp faglegt starf. Með því móti yrði stuðlað að samrekstri tveggja leikskóla sem gefur bæði möguleika á að styrkja faglegt starf á leikskólanum Bergi og auka fjölbreytni og sveigjanleika í mannahaldi.

Á síðasta fundi hópsins sem haldinn var 26. ágúst 2010 voru lagðar fram þrjár tillögur um stjórnun og samrekstur leikskólans Bergs og Klébergsskóla:

1. Leikskólinn Berg og Klébergsskóli verði sameinaðir frá og með 1. ágúst 2011. Tíminn þangað til verði nýttur til undirbúnings. Skólastjórum verði falið að halda utan um vinnu við það.
2. Leikskólinn Berg verði sameinaður leikskólanum Bakka, en skólastjórnendum falið að vinna að samstarfi/samrekstri alls staðar þar sem því verður við komið.
3. Áfram verði sama rekstrarfyrirkomulag og var fyrir 1. ágúst 2010. Hætt verði við allar umræður um samrekstur og báðum skólum gefinn kostur á að þróa skólastarf eftir eigin höfði.

Hópurinn ræddi þessar tillögur en var sammála um að tillaga 2 væri í mestu samræmi við það sem hópurinn hefði rætt fram að þessu og núverandi aðstæður í stjórnun skólanna. Mælt var með því að meta eftir eitt ár hvernig til hefur tekist með samvinnu og samrekstur leikskólans Bakka og Bergs annars vegar og samvinnu og samrekstur leikskólanna og Klébergsskóla, hvað má þá betur fara og hver verða næstu skref.

## **Niðurstöður starfshópsins, tillögur og rökstuðningur**

Í upphafi kom mjög skýrt fram að markmiðin með samstarfi eða samrekstri skólanna á Kjalarnesi yrðu að vera skýr og vel skilgreind. Lögð var áhersla á að ef gerðar væru breytingar á rekstri eða starfi skólanna á staðnum væri meginmarkmiðið ætíð að veita börnum og foreldrum á Kjalarnesi betri þjónustu.

### **1. Sameining leikskólans Bakka og Bergs**

Þegar leikskólastjórinn á Bakka hafði verið ráðinn til að vinna að sameiningu leikskólanna Bakka og Bergs var hópurinn sammála um að það væri góður kostur fyrir leikskólastarfið á Kjalarnesi. Leikskólastjórinn lagði fljótlega fram hugmyndir að áframhaldandi þróun skólastarfs á leikskólanum Bergi og samvinnu við leikskólann Bakka sem eru í góðu samræmi við þær áherslur sem fram komu í starfi hópsins. Leikskólinn Bakki hefur t.a.m. verið í fararbroddi varðandi útikennslu og umhverfismennt og unnið að verkefninu *Fjörulallar - það erum við!* í samstarfi við Náttúruskólann. Skólinn er Grænfánaskóli og hefur jafnframt tekið þátt í samstarfsverkefnum sem nýta rafræna miðla til að stuðla að samskiptum og miðla upplýsingum milli barna og starfsmanna. Hægt verður að nýta reynslu af þeim verkefnum við

að byggja upp útikennslu og umhverfismennt í leikskólanum Bergi ásamt því að nýta upplýsinga- og samskiptatæknina til að auka upplýsingastreymi og samskipti milli barna, starfsmanna og foreldra.

## **2. Aukinn samrekstur, samstarf og samvinna leik- og grunnskóla á Kjalarnesi**

Hópurinn leggur til að skólastjórnendum leikskólans Bakka/Bergs og Klébergsskóla verið falið að vinna að auknum samrekstri, samstarfi og samvinnu milli þessara stofnana alls staðar þar sem því verður við komið. Í umræðum á fundum hópsins kom víða fram að tækifæri og möguleikar sem fælust í auknum samrekstri, samstarfi og samvinnu leik- og grunnskóla á Kjalarnesi væru margvísleg. Í SVÓT-greiningunni kom t.a.m. fram að aukinn samrekstur væri fjárhagslega hagkvæmur, hefði í för með sér betri nýtingu á húsnæði og mannauði á staðnum og gæti aukið faglegt starf á báðum skólastigum. Einnig var nefnt hagkvæmni í innkaupum og flutningum og samnýting á áhöldum og tækjum. Aukin samvinna starfsfólks, foreldra og barna gæti skapað samfellu í skólastarfinu og stuðlað að heildarsýn á barnið frá 1 - 16 ára aldurs. Tækifæri væru þá til aukinnar fjölbreytni og meiri sveigjanleika í námi og starfi, samnýtingar á húsnæði og mannafla, meira samspili náms og frístundar ásamt því að skapa heildstætt skólasamfélag með heildstæða skólastefnu og áherslur í skólastarfi. Einnig væru möguleikar á að byggja upp nýtt stjórnendateymi á staðnum sem hefði með sér mikið samstarf og samráð um skólastarfið. Ákveðin ögrun fælist í því fyrir starfsfólk á báðum skólastigum að takast á við breytingar og nýjungar í skólastarfinu.

Í umræðum og SVÓT greiningu kom mjög skýrt fram ótti við breytingar bæði meðal starfsfólks skólanna og foreldra. Einnig komu fram áhyggjur af því að aukin hagræðing og samnýting á starfsfólki hefði í för með sér fækkun á starfsfólki og þ.a.l. aukið atvinnuleysi og lakari þjónustu við börnin á svæðinu. Hópurinn var sammála um að til að bæta skólastarf á Kjalarnesi þyrfti að leggja til leiðir sem auka traust og trúnað starfsfólks og foreldra á skólastarfinu. Kanna þarf hvað þarf til að foreldrar og starfsfólk verði enn ánægðara með skólastarfið á Kjalarnesi og reyna að koma til móts við væntingar þeirra. Jafnframt þarf að gefa upplýsingar til foreldra og starfsfólks sem fyrst um þær breytingar sem séu í vændum hverju sinni.

Einnig var bent á að yfirstjórn leikskóla, grunnskólans og starfsemi ÍTR heyrir nú undir þrjú svið borgarinnar sem gerir yfirstjórn nokkuð flókna. Þeir starfsmenn sem heyra undir ólík svið eru gjarnan með ólíka kjarasamninga og mismunandi vinnutímaramma. Að þessu þarf að huga við aukna samvinnu og samrekstur skólanna og starfsemi ÍTR á Kjalarnesi. Jafnframt var varað við því að eitt skólastig "yfirtaki" hitt og að ólögbundin starfsemi á vegum ÍTR verði undir þeirri lögbundnu og því ekki talin jafnréttá eða jafn mikilvæg. Hafa þarf alla þessa þætti í huga við aukna samvinnu og samrekstur þessarar starfsemi.

Einnig var hópurinn á einu máli um að auka þyrfti þessa samvinnu milli skólastiganna í skrefum og að gefa þróun samstarfsins tíma og svigrúm. Í SVÓT-greiningunni var einmitt varað við að farið yrði of geyst í samrekstur eða samstarf milli skólanna og verkefnið því ekki undirbúið sem skyldi. Það gæti haft í för með sér að starfsmenn og foreldrar yrðu neikvæðir gagnvart verkefninu sem yrði því þá ekki til framdráttar. Einnig var varað við því að það fjármagn sem hugsanlega sparaðist í hagræðingaraðgerðum glataðist á þann hátt að það nýttist ekki lengur skólunum á Kjalarnesi.

Bent var á að starfsemi leikskóla, grunnskólans og ÍTR er núna á fjórum stöðum á Kjalarnesinu. Því er mikilvægt að stjórnendur á staðnum hafi yfirsýn og miðli upplýsingum til

starfsmanna á öllum starfsstöðvunum. Til að auka samvinnu milli skólastiganna þarf að bæta aðgengi á milli skólahúsanna, gera gangbrautir á akbrautina sem liggur meðfram Klébergsskóla og niður að leikskólanum Bergi og göngustíga meðfram akbrautinni eða milli skólabygginganna til að tryggja öryggi barnanna í auknum ferðum milli bygginga. Enn fremur bentu foreldrar og starfsmenn á að í vondu veðri er oft erfitt að fara á milli húsa á svæðinu og taka þarf tillit til þess við undirbúning og skipulagningu að auknu samstarfi.

### **3. Þróunarverkefni um samrekstur, samvinnu og samstarf leik- og grunnskóla á Kjalarnesi**

Hópurinn var sammála um að leggja til að komið yrði á laggirnar þróunarverkefni til tveggja eða þriggja ára sem hefði það að markmiði að auka samrekstur, samvinnu og samstarf leik- og grunnskóla á Kjalarnesi. Í þróunarverkefninu verði tekið mið af þeim styrkleikum og tækifærum sem fram komu í SVÓT-greiningu starfshópsins. Stýrihópur með fulltrúum frá Leikskólasviði og Menntasviði haldi utan um þróunarverkefnið og veiti því stuðning. Bæði sviðin ásamt ÍTR leggi til stuðning og mannafla til að styðja við uppbyggingu og þróun skólastarfsins. Á Íþrótt- og tómsundasviði, Leikskólasviði og Menntasviði eru sérfræðingar á ýmsum sviðum sem geta lagt þróunarverkefninu lið. Skólastjórnendur geta sótt liðsinni til starfsmannabjónustu sviðanna varðandi starfsmannamál og til faglegra skrifstofa varðandi innra starfið. Einnig má líta til reynslu af þeim þróunarverkefnum sem RannUng á Menntavísindasviði HÍ hefur haldið utan um í þremur skólahverfum borgarinnar þar sem leik- og grunnskólar hafa mótað sér sameiginlega námskrá fyrir elstu börnin á leikskólanum og yngstu börnin í grunnskólanum. Sótt verði um styrki til áframhaldandi þróunar og útfærslu verkefnisins í þá sjóði sem hægt er að sækja í fyrir starfsmenn á báðum skólastigum, s.s. starfsmenntunarsjóði, Sprotasjóð, o.fl. Starfsmenn sviðanna verði stjórnendum innan handar við að undirbúa umsóknirnar ef þess verður óskað. Árlega verði lagt mat á hvernig til hafi tekist við að vinna að auknum samrekstri, samvinnu og samstarfi milli leikskólanna Bakka og Bergs annars vegar og milli leikskólanna tveggja og Klébergsskóla hins vegar.

Til að vinna að þessu þróunarverkefni má einnig styðjast við *Lýsingu á undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða* (Design Down Process; á slóðinni: [http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf\\_skjol/skyrslur/Lysing\\_a\\_undirbuningsferli\\_A4.pdf](http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/skyrslur/Lysing_a_undirbuningsferli_A4.pdf)) en í heftinu er lýst ferli sem stuðst hefur verið við þegar leggja á grunn að hugmyndafræði nýs grunnskóla. Stuðst var við þetta ferli við undirbúning að hönnun Ingunnarskóla, Norðlingaskóla, skóla í Úlfarsárdalnum og víðar. Margt í undirbúningsferlinu er mjög vel til þess fallið að leggja grunn að sameiginlegum markmiðum og leiðum til að auka samstarf, samfellu í starfi og samrekstur leik- og grunnskóla á Kjalarnesi.

Í umræðum hópsins og SVÓT-greiningu kom fram áhugi á að í öllu samstarfi verði lögð áhersla á að draga fram sérstöðu svæðisins og vinna út frá því. Sem dæmi má nefna umhverfismennt og útikennslu þar sem gengið væri út frá að börnin lærðu um það umhverfi sem þau búa í, sögu svæðisins og menningu. Sameiginleg útikennslustofa og sameiginleg námskeið starfsmanna í leikskólunum Bakka og Bergi ásamt Klébergsskóla um útinám og umhverfismennt gætu jafnframt verið skref í að auka og efla þennan þátt í skólastarfinu. Einnig hafði komið fram hugmynd um að allir skólarnir ynnu sameiginlega að því að sækja um Grænfánann fyrir umhverfisstarf á næsta starfsári.

#### **4. Samstarf við foreldra**

Starfshópurinn var jafnframt sammála um að leggja þarf áherslu á að finna leiðir til að auka samstarf við foreldra á Kjalarnesi og efla jákvætt viðhorf þeirra til skólastarfsins á báðum skólastigum. Á fundum hópsins kom þetta sjónarmið oft til tals og niðurstöður íbúðingans sem haldið var 15. maí styrktu þetta sjónarmið. Í SVÓT-greiningunni kom einnig skýrt fram ótti foreldra við breytingar og ákveðin óeining í þeirra hópi. Mikilvægt er að eyða óvissu foreldra og starfsmanna varðandi væntanlegar breytingar á stjórnun eða starfi skólanna sem fyrst, upplýsa þá vel um þær ákvarðanir sem teknar eru og hvaða áhrif þær hafa á skólastarfið. Í auknu samstarfi milli skólastiganna eru jafnframt tækifæri til aukins samstarfs milli foreldrafélaga á báðum skólastigum og jafnvel sameina foreldrafélögin í eitt félag.

#### **Fylgiskjöl**

Fylgiskjal 1 - Erindisbréf starfshópsins

Fylgiskjal 2 - Vinnuáætlun fyrir starfshópinn

Fylgiskjal 3 - Íbúðing í Fólkvangi 15. maí 2010; sameining þjónustustofnana og þjónusta borgarinnar við Kjalarnesið

Fylgiskjal 4 - Tillögur skólastjórnenda um samstarf leikskólans Bergs og Klébergsskóla

## Fylgiskjal 1 - Erindisbréf starfshópsins

### Erindisbréf

<b>Heiti vinnuhóps:</b> Starfshópur um skólahald á Kjalarnesi.
<b>Ábyrgðarmaður:</b> Ragnhildur E. Bjarnadóttir og Ragnar Þorsteinsson
<b>Hlutverk:</b> Gera tillögu að sameiginlegum rekstri leikskóla, grunnskóla og starfsemi ÍTR sem starfandi eru á Kjalarnesi
<b>Helstu verkefni:</b> Meginverkefni hópsins er að móta tillögur um samrekstur, samvinnu og samstarf leikskóla og grunnskóla á Kjalarnesi.
<b>Fulltrúar í vinnuhópi:</b> Auður Árný Stefánsdóttir skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu Valgerður Janusdóttir starfsmannastjóri Mennasviðs Ingunn Gísladóttir starfsmannastjóri Leikskólasviðs Kolbrún Vigfúsdóttir þróunarfulltrúi á Leikskólasviði Björgvin Þór Þórhallsson skólastjóri Klébergsskóla og Tónlistarskólans á Klébergi Elín Þóra Böðvarsdóttir leikskólastjóri Bergi Dröfn Birgisdóttir, fulltrúi foreldra í Klébergsskóla Guðleifur Svanbergsson, fulltrúi foreldra á leikskólanum Bergi Soffía Sóley Þráinsdóttir, fulltrúi foreldra á leikskólanum Bergi
<b>Formaður vinnuhóps:</b> Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu Leikskólasviðs

**Starfsmenn:**

Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri Menntasviði

**Ráðgjöf / samstarf:**

Starfsfólk, foreldrar, börn og ungmenni

**Starfstímabil:**

mars - júní 2010

**Skil:**

Til sviðsstjóra Leikskólasviðs og Menntasviðs.

## Fylgiskjal 2 - Vinnuáætlun starfshópsins

### Vinnuhópur um skólahald á Kjalarnesi - drög að vinnuáætlun

**1. fundur; 23. mars 2010 kl. 13:00 - 14:00:** Fundarmenn kynna sig og væntingar sínar til hópsins, farið yfir erindisbréf, farið yfir samruna grunnskóla og starfs ÍTR á Kjalarnesi, rætt um vinnufyrirkomulag hópsins.

**2. fundur; 14. apríl 2010 kl. 15:00 - 17:00:** Vettvangsferð á Kjalarnes - skoðaður leikskólinn Berg, Klébergsskóli, íþróttaaðstaða og aðstaða ÍTR á staðnum.

**3. fundur; 4. maí 2010 kl. 15:00 - 16:30:** Rætt um samráð við foreldra og börn - Hildur B. Svavarsdóttir boðuð á fundinn. Úrvinnsla úr heimsókn - SVÓT-greining

**4. fundur; 11. maí kl. 15 - 16:30:** Skýrsla og framtíðarsýn um skólahald í Úlfarsárdal - Hildur Jóhannesdóttir, verðandi skólastjóri, boðuð á fundinn. Samfella í starfi leik- og grunnskóla í City and Country School í New York - Kristín Einarsdóttir, leikskólastjóri Garðaborg. Ræða frumdrög að áherslum hópsins.

**5. fundur; 18. maí kl. 15 - 16:30:** Viðhorf barna og foreldra - niðurstöður. Móta drög að tillögum hópsins.

**6. fundur; 1. júní kl. 15 - 16:30:** Vinna drög að tillögum hópsins.

**1. - 10. júní 2010:** Unnið að skýrslu starfshópsins. Niðurstöðum skilað til leikskólaráðs og menntaráðs fyrir sumarleyfi.

## Íbúáþing í Fólkvangi 15. maí 2010

---

### 2. Sameining þjónustustofnana og þjónusta borgarinnar við Kjalarnesið.

Drög sem eftir er að yfirfara af hópstjórum.

Varðandi sameiningu leikskóla og skóla þarf e.t.v. gúlrot fyrir leikskólakennara svo þeir vilji vinna hér og koma á stöðugleika í starfsmannahópi leikskólans.

Við sameiningu tapast stöðugildi leikskólastjóra. Miklar umræður voru um að ekki megi spara í leikskólanum heldur að gera hann að betri leikskóla.

Hvernig verður staðið að stjórnun þessara stofnana? Hafa þeir sem nota þjónustuna nægilega góða aðkomu að stjórnendum (skólastjóra).

Hvernig verður samvinna milli kennara og starfsmanna leikskólans háttað?

Við sameiningu verða miklu fleiri möguleikar í samnýtingu húsnæðis t.d. sérgreinastofa, íþróttahús, íþróttakennarar.

Mikilvægt er að viðurkenna sérstöðu Kjalarness vegna fjarlægða frá miðborginni. Lögð er áhersla á að einstaklingar búsettir á Kjalarnesi hafi forgang að vinnu hér vegna þess að líkur séu á þeir stoppi lengur víð.

Fram kom að laun stjórnenda í leikskólum í bænum eru hærrí en hér á grundvelli stærðar leikskólanna en ekki er tekið tillit til ferðakostnaðar. Ef ekki er hægt að menna störf með fólki af Kjalarnesi er ferðakostnaður ákveðinn þröskuldur og getur hamlað því að hæft fólk komi til starfa. Einnig eru miklar líkur á að það stoppi styttra víð en ella ef það ber mikinn kostnað af milliferðum.

Auka verður vægi áhaldahúss í þjónustu við íbúana.

Það eru margir aðilar frá mismunandi stofnunum sem sjá um garðslátt. Með bættri þjónustulund mætti sameina þennan þátt undir einn hatt.

Dæmi um verkefni fyrir áhaldahúsið:

- Viðhald á stigum, gróðri, lóðum við skóla.
- Viðhald á leiktækjum.
- Að starfsemin sé sýnileg í hverfinu.
- Sýna frumkvæði og framtakssemi.
- Að vinnuskólinn sé undir áhaldahúsinu.
- Fá stöðugildi í áhaldahúsi sem sinni viðhaldi utanhúss á húsnæði borgarinnar

Niðurstaða – Tilraunaverkefni:

Samvinna milli allra sviða borgarinnar um þjónustu við hverfið okkar.

- Skóli, leikskóli frístund og íþróttahús
- Áhaldahús: garðyrkja, viðhald húseigna, húsvörður v. eigna borgarinnar, Sorpa.

Bergi, 15. júní 2010.

# Samstarf Bergs og Klébergs

---

## Samantekt

Við erum sammála um að vænlegasta leiðin til að efla samstarf skólanna tveggja á Kjalarnesi sé að stofna til sameiginlegra verkefna. Slík verkefni eru góður vettvangur fyrir stofnanirnar að vinna saman og fyrir starfsfólkið að „koma saman“, hittast og mynda tengsl.

Auk þess má skoða möguleika á samrekstri í innkaupum mótuneyta o.fl. og loks samnýtingu á húsnæði og aðstöðu.

Þessu er til einföldunar skipt í þrjá liði:

1. Sameiginleg verkefni
2. Fagleg samvinna (almennt)
3. Samrekstur og samnýting aðstöðu

## 1. Sameiginleg verkefni

### Grænfáni.

Skólarnir tveir vinna saman að Grænfánaverkefninu. Liður í því starfi væri t.d. sameiginlegur fundur starfsmanna skólanna í haust, sameiginlegur fræðslufundur um verkefnið og sameiginlegur foreldrafundur. Þá er nærtækt að tengja þessa vinnu (umhverfismál) við hugmyndina um **Grænt Kjalarnes**<sup>1</sup> og einnig verkefnið **Heilsueflandi skólar**<sup>2</sup>. Þannig gætu íbúarnir komið inni þetta starf þar sem svæðið allt ynni að eflingu umhverfismála og heilsuræktar á mjög breiðum grunni með skólana tvo í fararbroddi.

### Útikennsluverkefnið „Fjörulallar – það erum við!“

Skólarnir tveir þróuðu útikennsluverkefni sem byggt er á verkefninu **Fjörulallar – það erum við! (Flóð og fjara)** sem Leikskólinn Bakki í Grafarvogi hefur unnið með í samstarfi við Náttúruskólann, sjá: [http://www.leikskolinn-bakki.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=213&Itemid=143](http://www.leikskolinn-bakki.is/index.php?option=com_content&view=article&id=213&Itemid=143)

Þetta yrði samstarfsverkefni skólanna og tengdist fyrirhugaðri útikennslustofu.

### Útikennsla í nýrri útikennslustofu – og víðar.

Nú er útlit fyrir að útikennslustofan, „Klébergstorg“ (eftir læknum, norðan við Leikskólann) verði tilbúin í haust. Þá opnast möguleikar fyrir útikennslu auk Fjörulallaverkefnisins. Báðir skólarnir geta nýtt sér útistofuna og má hugsa sér að skólarnir vinna skipulega að því að þróa útikennsluaðferðir undir forystu sameiginlegrar þróunarstjórnar.

---

<sup>1</sup> [http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-4088/6951\\_read-21361/](http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-4088/6951_read-21361/)

<sup>2</sup> <http://www.lydheilsustod.is/heilsueflandiskoli>

## 2. Fagleg samvinna

Ýmsir punktar.

- a. Gerð verði áætlun um endurskoðun á því samstarfi skólanna sem nú þegar er við lýði. Þetta verði gert í október 2010.
- b. Meiri samgangur nemenda, t.d. nemendasýningar. Grunnskólanemendur með aukasýningu á leikritum og öðrum skemmtunum niðri Leikskóla – og öfugt.
- c. Stuðlað verði að því að starfsfólkið tengist meira, t.d. í tengslum við verkefni á borð við Grænfánann. Athuga með sameiginlegan starfsdag eftir hádegi 27. október. Þessi dagur er sameiginlegur starfsdagur leik- og grunnskóla í Hverfi 4 (Kjalarnesi og Grafarvogi) en eftir hádegi geta Kjalnesingarnir gert eitthvað saman.
- d. Félagslegt: bjóða uppá sameiginlega viðburði í félagslífinu, s.s. jólaveislu og árshátíð. Menntasvið og Leikskólasvið skiptust á um að halda partí einu sinni í mánuði fyrir starfsfólk skólanna, með snittum og kældu hvítvíni.

## 3. Samrekstur og samnýting aðstöðu

Ýmsir punktar.

- a. Mötuneytismál: matráðar skólanna hafi samráð um innkaup og matseðil. Sameiginlegur matseðill, t.d. að hluta: fiskur á sömu dögum.
- b. Leikskólinn nýti aðstöðu í Klébergsskóla og frístundaheimili auk íþróttamiðstöðvar. Skipulagðar „heimsóknir“ í íþróttahúsið þar sem íþróttakennari tekur á móti börnum.
- c. Grunnskólanemendur og nemendur á frístundaheimilinu fái að koma á ákveðnum tímum/dögum í leikskólann og t.d. leika sér á lóðinni.

Elín Þóra og Björgvin Þór